

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um stöðu löggæslumála.

1. *Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í löggæslu- og öryggismálum og hvernig hyggst hún framfylgja þeirri stefnu?*

Ráðuneytið hefur unnið að gerð stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum og reiknað er með að stefnan liggja fyrir á næstu vikum.


Löggæslumálefni sæta nú endurskoðun í ljósi niðurskurðar og frumvarps ráðherra um fækkun og stækkun lögregluumdæma. Á vegum ráðuneytisins eru starfandi vinnuhópar sem í eiga sæti fulltrúar lögreglunnar og hafa það að markmiði að skilgreina og greina ýmsa þætti er varða löggæslu, svo sem verkefni lögreglu, fjármál, starfsmannamál o.fl. Þá stendur yfir vinna við að leggja mat á árangur af löggæsluáætlun fyrir árin 2007–2011. Til stendur að vinna nýja löggæsluáætlun í samræmi við samþykktu þingsályktunartillögu frá 19. júní 2012 um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

2. *Hver er kostnaður ríkissjóðs af nýskipan lögreglumála sem ráðist var í með breytingum á skipulagi lögreglunnar árið 2007, sundurliðað eftir lögregluembættum?*

Sú forsenda var m.a. gefin við undirbúning nýskipunar lögreglu árið 2007 að fjárveitingar til lögregluumdæma skyldu ekki breytast og breytingarnar ekki leiða til aukinna útgjalda. Það gekk eftir.

3. *Hver hefur niðurskurður verið til löggæslumála frá árinu 2007?*

Niðurskurður til löggæslumála, þ.e. löggæsluhluta sýslumannsembætta að viðbættu embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Suðurnesjum og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hefur verið um 2,7 milljarðar kr. frá árinu 2007, eða u.þ.b. 25%, samkvæmt verðlagi í september 2012, sjá mynd.



4. Hver var fjöldi starfandi lögreglumanna árin 1998–2012, sundurliðað árlega eftir lögregluembættum?

Fram til ársins 2002 voru aðeins birtar upplýsingar um samþykkt stöðugildi en það veitir ekki upplýsingar um það hver eiginlegur fjöldi lögreglumanna á þeim tíma var. Því má sjá í töflum hér á eftir fjölda lögreglumanna frá árinu 2002 til 2012, annars vegar töflu 1 fyrir tímabilið 2002–2006 og hins vegar töflu 2 fyrir tímabilið 2007–2012.

Tafla 1. Fjöldi starfandi lögreglumanna árin 2002–2006 (héraðslögreglumenn ekki taldir með).

Lögregluembætti	2002	2003	2004	2005	2006
Akranes	12	12	12	12	13
Akureyri	31	30	31	30	30
Blönduós	7	6	6	7	7
Bolungarvík	2	2	2	2	2
Borgarnes	8	8	8	8	8
Búðardalur	1	1	1	2	1
Eskifjörður	9	9	10	11	11
Hafnarfjörður	40	40	39	40	41
Hól mavík	2	2	2	2	2
Húsavík	9	9	11	9	9
Hvolsvöllur	4	3	6	5	6
Höfn	3	4	4	4	3
Ísafjörður	14	13	13	13	14
Keflavíkurflugvöllur	52	47	47	47	54
Keflavík	37	37	36	36	35
Kópavogur	27	28	26	31	31
Lögregluskóli ríkisins	7	8	8	8	9
Ólafsfjörður	2	2	2	2	2
Patreksfjörður	4	4	4	4	4
Reykjavík	283	282	271	276	272
Ríkislögreglustjórinn	54	59	59	73	86
Sauðárkrókur	8	9	9	8	9
Selfoss	26	28	28	26	26
Seyðisfjörður	8	7	7	7	8
Siglufjörður	4	4	4	5	3
Snæfellsnes	8	9	9	9	9
Vestmannaeyjar	12	12	13	13	12
Vík	4	3	3	3	3
Samtals	678	678	671	693	710

**Tafla 2. Fjöldi starfandi lögreglumanna árin 2007–2012
(héraðslögreglumenn og sérstakur saksóknari ekki með).**

Lögregluembætti	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Akranes	13	8	13	10	9	9
Akureyri	37	37	41	34	31	32
Blönduós	7	7	6	6	6	5
Borgarnes	9	9	9	9	10	8
Eskifjörður	16	15	14	15	14	14
Húsavík	10	9	9	11	8	8
Hvolsvöllur	8	7	11	10	8	8
Höfuðborgarsvæðið	339	298	319	308	310	303
Lögregluskóli ríkisins	9	9	9	8	8	7
Ríkislögreglustjórinn	94	89	92	87	85	79
Sauðárkrókur	9	9	9	8	8	7
Selfoss	25	25	30	26	27	27
Seyðisfjörður	11	10	12	8	7	7
Snæfellsnes	8	10	7	7	8	6
Suðurnes	85	82	96	85	85	77
Vestfirðir	20	23	24	21	18	19
Vestmannaeyjar	12	13	11	8	10	8
Samtals	712	660	712	661	652	624

5. Hefur starfsstöðvum lögreglu í landinu fækkað frá árinu 2000 og ef svo er hverjum þeirra hefur verið lokað og hvers vegna?

Alls hefur 11 starfsstöðvum lögreglu verið lokað frá árinu 2000 en tvær nýjar starfsstöðvar verið teknar í notkun á sama tíma. Á landsbyggðinni var sex starfsstöðvum lokað vegna sparnaðar á eftirtöldum stöðum:

- Bolungarvík,
- Ólafsfirði (í kjölfar Héðinsfjarðarganga),
- Raufarhöfn,
- Seyðisfirði (starfsstöð á Egilsstöðum eflað),
- Suðurnesjum (starfsstöð ríkislögreglustjóra),
- Þorlákshöfn.

Á höfuðborgarsvæðinu var fimm litlum svæðisstöðvum lokað á eftirtöldum stöðum vegna fjárhagslegrar hagræðingar og faglegrar endurskipulagningar:

- Seltjarnarnesi,
- Mosfellsbæ,
- Grafarvogi,
- Breiðholti,
- Garðabæ.

Í tengslum við faglega endurskipulagningu á höfuðborgarsvæðinu voru tvær nýjar starfsstöðvar teknar í notkun, annars vegar á Grensásvegi og hins vegar að Krókhálsi.

6. Hefur yfirstjórn löggæslunnar í landinu vakið athygli innanríkisráðuneytis á ástandi löggæslumála, þ.e. fækkun lögreglumanna, minnkandi fjárheimildum, lokun lögreglustöðva o.s.frv.? Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við slíkum ábendingum?

Lögreglustjórar eiga ávallt fund með embættismönnum ráðuneytisins áður en rekstrar-áætlun er skilað og oftast ef þörf krefur. Lögreglustjórar hafa vakið athygli ráðuneytisins á erfiðri stöðu lögreglunnar og ráðuneytið brugðist við með því að reyna að takmarka niðurskurð eftir fremsta megni og lágmarka áhrif þess niðurskurðar sem ráðuneytinu er gert að sæta. Þá hefur ráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögreglulögum þar sem gert er ráð fyrir að fækka lögregluembættum og stækka þau, m.a. með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif niðurskurðar í ríkisfjármálum. Þá er verið að vinna að því í tengslum við sameiningu lögregluembættanna að skoða verkefni lögreglunnar og skilgreina þjónustu hennar.